

muni þurfa viðbót við tekjur sínar, þá hafið þér lagt það til, 1861.
 að bænum verði veitt heimild til að taka 1000 ríkisdala lán, 30. ágústm.
 til þess að því fê verði varið ásamt því, sem þegar er búið
 að jafna á bæjarbúa, til þeirra gjalda, er nauðsynleg eru í
 þarfir fátækra þetta árið.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til
 leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga
 að máli, að dómsmálastjórnin verður að vera á sama máli og
 þér, herra stiptamtmaður, um það, að ekki sé ástæða til að
 samþykka, að bærinn taki lán það, sem um er rætt í bænarskránni,
 og að stjórnarráðið eigi heldur getur hlutast til um að
 útvega fátækra sjóðnum lán, fyrri en ef svo kann að breytast
 ástandið, að brýna nauðsyn beri til þess.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 31. ágústm.
 yfir Íslandi, um borgun fyrir eptirrit af dóms-
 gjörðum.

Í bréfi 31. maím. þ. á. hefir amtmaðurinn yfir norður-
 og austurumdæminu á Íslandi skýrt frá, að hann, samkvæmt
 heimild, er hann hafði til þess fengið hjá dómsmálastjórninni,
 hafi beðið um að fá frá landsyfirráttinum dómsgjörðirnar í máli
 því, er dæmt var í yfirdóminum 16. janúarm. f. á. milli eig-
 anda jarðarinnar Víðivalla og Skriðu-klausturs umboðs, út af
 Ranaskógi, sem svo er nefndur, en hafi eigi síðar fengið dóms-
 gjörðir þessar, meðfram fyrir þá sök, að Benidikt yfirdómari
 Sveinsson, sem er skrifari í yfirdóminum, hafi neitað að láta
 af hendi eptirrit yfirdóms-gjörðanna nema fyrir borgun, og hefir
 því amtmaðurinn beðið um, að dómsmálastjórnin tilkynni em-
 bættismanni þessum það, sem nauðsyn er á í þessu efni.

Með því nú Benidikt yfirdómari Sveinsson ekki á heimting
 á borgun fyrir eptirrit dómsgjörða í þeim málum, er snerta
 réttindi kóngsjarða, eptir því, sem ákveðið er í aukatekju-
 reglugjörð 10. septemberm. 1830, 13. grein, smbr. rentu-

1861. kammerbréf 19. febrúarm. 1842 og bréf dómsmálastjórnarinnar
 31. ágústm. 23. janúarm. 1858, þá skorar dómsmálastjórnin á yður, herra
 stiptamtmaður, að þér bjóðið honum að láta tafarlaust af hendi
 eptirritið af yfirdóms-gjörðunum, til þess þeim verði snúð á
 dönsku, ef hann eigi þegar er búinn að því.

31. ágústm. **56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
 yfir Íslandi, um endurgjald, er veitt skal settum
 yfirdómara.**

Eptir því, sem frá er skýrt í bréfi yðar, herra stiptamt-
 maður, 23. febrúarm. þ. á., hefir O. M. Stephensen í Viðey,
 sekretèri, er þér settuð til að gegna meðdómandastörfum í
 hinum íslenska landsyfirrétti meðan Benidikt yfirdómari Sveins-
 son var sjúkur sumarið 1860, farið fram á, að sèr væri veitt
 10 ríkisdala þóknun, samkvæmt konungsráskurði 25. septem-
 berm. 1816, fyrir sérhvert af málum þeim, 8 að tölu, er hann
 átti þátt í, og 6 ríkisdalir í ferðakostnað um daginn, þá 5 réttar-
 daga, er hann átti sæti í réttinum. En á hinn bóginn hafð
 þér, herra stiptamtmaður, látið í ljósi það álit yðar, að konungsrá-
 skurð þann, er nú var getið, beri að skilja á þann hátt, að sú
 10 ríkisdala þóknun, sem stiptamtmanni er leyft að ávísa hin-
 um setta meðdómanda úr dómsmálasjóðnum, sè borgun fyrir
 alla meðferð og dóm eins máls í yfirdóminum, en ákvörðun
 þessi eigi aðeins við að nokkrum hluta, þegar sá, er settur hafi
 verið meðdómandi, hafi, eins og hér hafi átt sèr stað, að eins
 að nokkru leyti átt þátt í meðferð málanna, en þegar svo sè
 ástatt beri að greiða þóknun, er sè minni eptir tiltölu, t. a. m.
 í þessu tilfelli 15 rdl. fyrir hvern réttardag, að meðtöldum
 ferðakostnaði; hafð þér því ekki sèð yður fært að veita Stephen-
 sen sekretèra þóknun þá, er hann heimtaði, nema þér fengjuð
 heimild til þess frá stjórnarráðinu, og það því síður, sem þar að
 auki kynni að vera vafasamt, hvort hið opinbera eigi að bera
 þann kostnað, er leiðir af því, að annar maður er skipaður til að